

224. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fjarfundi, mánudaginn 3. janúar 2022 og hófst hann kl. 16:15.

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fundurinn var haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 2104262 - Deiliskipulag Skógarhverfi áfangi 5 - nýtt skipulag

Deiliskipulag Skógarhverfis áfangi 5, var auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 4. nóvember til 23. desember 2021. Athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð felur Sigurði Páli Harðarsyni sviðsstjóra að leggja fram tillögu að greinargerð vegna framkominna athugasemda.

2. 2104261 - Deiliskipulag Skógarhverfi áfangi 3C - nýtt skipulag

Deiliskipulag Skógarhverfis áfangi 3C, var auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 4. nóvember til 23. desember 2021. Athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð felur Sigurði Páli Harðarsyni sviðsstjóra að leggja fram tillögu að greinargerð vegna framkominna athugasemda.

3. 2109252 - Deiliskipulag Flóahverfis - Breyting grænir iðngarðar

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis sem felst m.a. í að breyta lóðum og gatnakerfi svæðisins.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst til kynningar skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. 2112195 - Suðurgata 92, 94, 96 - Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Fyrirspurn um heimild til að hækka mænishæð á Suðurgötu 92, 94 og 96 um 38 sm.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynnt verði skv. 2. mgr. 43. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Grenndarkynnt verður fyrir fasteignaeigendum við Suðurgötu 89, 90, 93, 97, 99 og 98, þegar fullgerður skipulagsuppráttur liggur fyrir.

5. 2106126 - Deiliskipulag 1. áfangi Skógarhverfi - breyting Beykiskógar 19

Teknar fyrir athugasemdir sem bárust vegna Beykiskóga 19.

Skipulags- og umhverfisráð ákvað eftir ábendingar að fara í víðtækari grenndarkynningu á breytingu við Beykiskóga 19, þar sem umsókn er um hækkan á húsi um eina hæð, þ.e. heimilaðar verði fimm hæðir í stað fjögurra.

Skipulags- og umhverfisráð m.a. í ljósi frekara mótmæla, leggur til við bæjarstjórn að hafna breytingunni m.t.t. þess að um lágresta byggð er að ræða, í Skógahverfi 1. áfanga sem taka þarf tillit til.

6. 2111084 - Deiliskipulag Skógarhverfi 4. áfangi - Asparskógar 1

Umsókn Bryggju 2 ehf., um hækkun nýtingarlutfalls á Asparskógum 1, úr 0,51 í 0,54. Erindið var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga frá 29. nóvember t.o.m. 2. desember 2021. Engar athugasemdir bárust. Samþykki barst frá tveimur aðilum.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

7. 2112207 - Deiliskipulag Dalbraut-Þjóðbraut - breyting Dalbraut 8

Breyting á skipulagi á lóð við Dalbraut 8.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að tillaga að breytingu á deiliskipulagi á lóð við Dalbraut 8, verði kynnt skv. 43. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breyting felur m.a. í sér meira byggingarmagn á 1. hæð, fyrirhugaðs mannvirkis á Dalbraut 8.

8. 2112125 - Höfðagrund 5 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Umsókn um sólstofu og viðbyggingu við Höfðagrund 5, skv. meðfylgjandi teikningum.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynnt verði skv. 2. mgr. 43. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Grenndarkynnt verður fyrir fasteignaeigendum við Höfðagrund 1-3, 7-9-11 og 16-18-20 þegar fullgerður skipulagsuppráttur liggur fyrir.

9. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun 2018-2030

Kynningarfundur var haldinn mánudaginn 20. desember 2021, heimilt var að skila athugasemdum til og með 31. desember 2021.

Lagðar fram ábendingar sem bárust innan tilskilins frests. Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að vinna málið áfram.

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.